

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1933**2017/EES/10/24****frá 27. október 2015****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í kakótrefjum, bananaskífum, fæðubótarefnum, þurrkuðum kryddjurtum og þurrkuðu kryddi (*)**

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽²⁾ voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.
- 2) Samkvæmt þeirri reglugerð verða hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni að vera örugg, svo lág sem raunhæft er að ætlast til að megi ná og skulu byggjast á góðum starfsvenjum í framleiðslu, við þurrkun og í landbúnaði eða fiskveiðum.
- 3) Kakótrefjar eru tiltekin kakóafurð sem er framleidd úr skurn kakóbauna og inniheldur meira af fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum en kakóafurðir sem eru framleiddar úr kakókjarna. Kakótrefjar og afleiddar afurðir eru millistigsafurðir í fæðukeðjunni og eru notaðar sem innihaldsefni við framleiðslu matvæla sem innihalda fáar hitaeiningar og eru trefjarík. Rétt þykir að fastsetja sérstök gildi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna fyrir kakótrefjar og afleiddar afurðir. Að því gefnu að þessar afurðir innihaldi litla fitu þykir rétt að fastsetja hámarksgildin á grundvelli blautvigtar.
- 4) Bananaskífur eru notaðar í morgunkorn og sælgæti og eru einnig borðaðar sem nasl. Nýlega hefur mikið magn fjölhringa, arómatískra vetniskolefna mælst í bananaskífum. Þessar niðurstöður tengjast steikingu bananaskífa í kókosfeiti. Því þykir rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni fyrir bananaskífur. Vegna skorts á fullnægjandi gögnum um tilvist efnanna samsvara þessi hámarksgildi til að byrja með hámarksgildunum fyrir kókosfeiti, til beinnar neyslu eða notkunar sem innihaldsefni í matvæli. Innan tveggja ára ætti að endurskoða hámarksgildin með tilliti til fyrirliggjandi gagna um tilvist efnanna.
- 5) Mikið magn fjölhringa, arómatískra vetniskolefna hefur mælst í tilteknum fæðubótarefnum sem innihalda plöntuefni eða eru framleidd úr þeim. Tilvist þessa mikla magns í þessum fæðubótarefnum hefur verið tengd við lélegar starfsvenjur við þurrkun þessara plöntuefna. Hægt er að koma í veg fyrir þetta mikla magn með því að beita góðum starfsvenjum. Því er rétt að setja hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í þessum vörum sem unnt er að ná með því að beita góðum starfsvenjum við þurrkun og sem tryggja heilbrigði manna öfluga vernd.
- 6) Í fæðubótarefnum sem innihalda eða eru framleidd úr býþétti, drottningarhunangi og spirulina hefur í sumum tilvikum einnig fundist mikið magn af fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum sem tengist beitingu lélegra starfsvenja. Þar er unnt er að minnka magnið með því að beita góðum starfsvenjum þykir rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í þessum vörum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 282, 28.10.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

- 7) Einnig hefur fundist mikið magn fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í þurrkuðum kryddjurtum og þurrkuðu kryddi, sem einnig tengist beitingu lélegra starfsvenja við þurrkun. Því þykir rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í þurrkuðum kryddjurtum og þurrkuðu kryddi. Hefðbundnar aðferðir við reykingu og vinnslu, sem beitt er á reyktu papriku og kardimommu, leiða til mikils magns af fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum. Að því gefnu að neysla á þessum kryddum sé lítil og til að gera kleift að hafa þessar reyktu vörur áfram á markaði þykir rétt að veita undanþágu frá hámarksgildunum varðandi þessi krydd.
- 8) Rétt er að veita hæfilegan frest til að gera aðildarríkjunum og stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast nýju kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð.
- 9) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Matvæli, sem eru á skrá í viðaukanum við þessa reglugerð, að undanskildum þeim sem nefnd eru í lið 6.1.11, og sem eru sett á markað á löglegan hátt fyrir 1. apríl 2016, mega áfram vera á markaði eftir þann dag til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2016, að undanskildum matvælunum sem nefnd eru í lið 6.1.11 en hámarksgildi fyrir þau koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

6. þáttur: „Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni“ í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 6.1.2 komi eftirfarandi:

„6.1.2	Kakóbaunir og afleiddar afurðir að undanskildum vörum sem um getur í lið 6.1.11	5,0 µg/kg feiti frá og með 1.4.2013	35,0 µg/kg feiti frá og með 1.4.2013 til 31.3.2015 30,0 µg/kg feiti frá og með 1.4.2015“
--------	---	-------------------------------------	---

2) Eftirfarandi liðir 6.1.11, 6.1.12, 6.1.13, 6.1.14 og 6.1.15 bætast við:

„6.1.11	Kakótrefjar og afleiddar afurðir úr kakótrefjum ætlaðar til notkunar sem innihaldsefni í matvæli.	3,0	15,0
6.1.12	Bananaskífur	2,0	20,0
6.1.13	Fæðubótarefni sem innihalda plöntuefni og blöndur með þeim ⁽³⁹⁾ ⁽¹⁾ ⁽²⁾ Fæðubótarefni sem innihalda býþétti, drottningar-hunang, spirulina eða blöndur með þeim ⁽³⁹⁾	10,0	50,0
6.1.14	Þurrkaðar kryddjurtir	10,0	50,0
6.1.15	Þurrkuð krydd, að undanskildum kardimommum og reyktu <i>Capsicum</i> spp.	10,0	50,0

(1) Blöndur með plöntuefnum eru blöndur sem fást úr plöntuefnum (t.d. heilum plöntum, plöntuhlutum, sundurhlutuðum eða skornum plöntum) með mismunandi vinnsluáferðum (t.d. pressun, kreistingu, útdrætti, þættingu, eimingu, þykkingu, þurrkun og gerjun). Þessi skilgreining nær yfir smátt skornar plöntur eða plöntumjöl í duftformi, plöntuhluta, þörunga, sveppi, fléttur, tinktúrur, útdrætti, ilmkjarnaoliur (aðrar en jurtaoliur sem um getur í lið 6.1.1), kreista safá og unnin seyti.

(2) Hámarksgildið gildir ekki um fæðubótarefni sem innihalda jurtaoliur. Jurtaoliur sem notaðar eru sem innihaldsefni í fæðubótarefni ættu að vera í samræmi við hámarksgildið sem fastsett er í lið 6.1.1.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1940

2017/EES/10/25

frá 28. október 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir drjóra grasdrjólásveppa í tilteknu ónunnu korni og ákvæði um vöktun og skýrslugjöf (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunar-efna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽²⁾ voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum.
- 2) Sérfræðinganevnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um aðskotaefni í matvælaferlinu (hér á eftir nefnd sérfræðinganevndin) samþykkti álit um beiskjuefni úr grasdrjólásveppi í matvælum og fóðri ⁽³⁾. Sérfræðinganevndin hefur fastsett viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar fyrir þennan hóp beiskjuefna sem nemur 1 µg/kg af líkamsþyngd og þolanlega, daglega inntöku fyrir hópinn sem nemur 0,6 µg/kg af líkamsþyngd.
- 3) Tilvist beiskjuefna úr grasdrjólásveppi í korni tengist að vissu marki tilvist drjóra grasdrjólásveppa í korni. Tengslin eru ekki algild þar eð beiskjuefni úr grasdrjólásveppi geta einnig fyrirfinnst í ryki frá drjólum grasdrjólásveppa sem sogast inn í kornið. Sem fyrsta skref er því mikilvægt að fastsetja hámarksgildi fyrir drjóra grasdrjólásveppa á meðan safnað er fleiri gögnum um tilvist beiskjuefna úr grasdrjólásveppi í korni og kornafurðum. Hins vegar er viðurkennt að samræmi við hámarksgildið fyrir drjóra grasdrjólásveppa tryggir ekki endilega öryggi matvæla að því er varðar tilvist beiskjuefna úr grasdrjólásveppi. Því mega lögbær yfirvöld grípa til viðeigandi ráðstafana, í samræmi við 8. mgr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽⁴⁾, til að setja takmarkanir varðandi setningu matvæla á markað eða til að krefjast að slík matvæli séu tekin af markaði, ef þau teljast óörugg vegna magns beiskjuefna úr grasdrjólásveppi, þrátt fyrir að þau séu í samræmi við hámarksgildi fyrir drjóra grasdrjólásveppa.
- 4) Nauðsynlegt er að tilgreina á hvaða stigi setningar á markað hámarksgildin fyrir drjóra grasdrjólásveppa ættu að gilda, þar eð hreinsun og flokkun geta dregið úr tilvist drjóra grasdrjólásveppa. Rétt þykir að hámarksgildi fyrir drjóra grasdrjólásveppa á korni gildi á sama stigi setningar á markað og hámarksgildin fyrir önnur sveppaeitur.
- 5) Reynsla af beitingu reglugerðar (EB) nr. 1881/2006 gefur til kynna að viðeigandi sé að skýra hugtakið „meðhöndlun á fyrsta stigi“, einkum að því er varðar samþætta framleiðslu og vinnsluferfi og að því er varðar afhýðingu.
- 6) Mikilvægt er að safna gögnum um tilvist beiskjuefna úr grasdrjólásveppi í korni og kornafurðum til að skilgreina tengslin á milli tilvistar beiskjuefna úr grasdrjólásveppi og tilvistar drjóra grasdrjólásveppa. Niðurstöður um beiskjuefni úr grasdrjólásveppi ætti að tilkynna eigi síðar en 30. september 2016 til að greiða fyrir fastsetningu hámarksgilda fyrir beiskjuefni úr grasdrjólásveppi sem eru viðeigandi og unnt er að ná og sem veita öfluga heilsuvernd manna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 29.10.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

⁽³⁾ Sérfræðinganevnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM); vísindalegt álit um beiskjuefni úr grasdrjólásveppi í matvælum og fóðri (Scientific Opinion on ergot alkaloids in food and feed). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(7): 2798. [158 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2012.2798. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31 1.2.2002, bls. 1).

- 7) Þó að mikilvægt sé að beita áfram forvarnarráðstöfunum til að koma í veg fyrir og draga úr mengun með okratoxíni A er ekki nauðsynlegt að tilkynna árlega um niðurstöður úr rannsóknum og framfarir í beitingu forvarnarráðstafana. Rétt þykir að uppfæra ákvæði um vöktun og skýrslugjöf eins og kveðið er á um í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1881/2006.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu vakta níturatstyrk í grænmeti sem getur innihaldið umtalsvert níturat, einkum í grænu blaðgrænmeti, og senda Matvælaöryggisstofnuninni reglulega upplýsingar um niðurstöðurnar.
2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni samantekt af niðurstöðum um aflatoxín, sem fengnar voru í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 884/2014 (*), og skulu þau gefa Matvælaöryggisstofnuninni skýrslu um gögn um einstök tilvik.
3. Aðildarríkin og fagfélög hagsmunaaðila skulu tilkynna framkvæmdastjórninni árlega um niðurstöður rannsókna sem gerðar eru og þann árangur sem náðst hefur með tilliti til beitingar fyrirbyggjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir mengun af völdum deoxynivalenóls, searalenóns, fúmónísins B₁ og B₂ og eiturefnanna T-2 og HT-2. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjunum aðgang að þessum niðurstöðum. Tengd gögn um tilvik skal senda Matvælaöryggisstofnuninni.
4. Aðildarríkjunum og fagfélögum hagsmunaaðila er eindregið ráðlagt að vakta tilvist beiskjuefna úr grasdrjólavesppi í korni og kornafurðum.

Aðildarríkjunum og fagfélögum hagsmunaaðila er eindregið ráðlagt að gefa Matvælaöryggisstofnuninni skýrslu um niðurstöður um beiskjuefni úr grasdrjólavesppi eigi síðar en 30. september 2016. Þessar niðurstöður skulu ná yfir gögn um tilvik og sérstakar upplýsingar um tengslin á milli tilvist drjóna grasdrjólavespa og magn einstakra beiskjuefna úr grasdrjólavesppi.

Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjunum aðgang að þessum niðurstöðum.

5. Aðildarríki og fagfélög hagsmunaaðila geta gefið Matvælaöryggisstofnuninni skýrslu um gögn um tilvik sem þau hafa aflað um önnur aðskotaefni en þau sem um getur í 1. til 4. mgr.
6. Gögn um tilvik skal leggja fyrir Matvælaöryggisstofnunina á sniði Matvælaöryggisstofnunarinnar fyrir framlagningu gagna í samræmi við kröfur í leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunar um staðlaða sýnalýsingu (SSD) fyrir matvæli og fôður (**), og í samræmi við sérstakar viðbótarkröfur Matvælaöryggisstofnunarinnar um skýrslugjöf að því er varðar tiltekin aðskotaefni. Ef við á má leggja gögn um tilvik frá fagfélögum hagsmunaaðila fyrir Matvælaöryggisstofnunina á einfölduðu sniði fyrir framlagningu gagna, sem skilgreint er af Matvælaöryggisstofnuninni.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 884/2014 frá 13. ágúst 2014 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknu fôðri og matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1152/2009 (Stjtið. ESB L 242, 14.8.2014, bls. 4).

(**) <http://www.efsa.europa.eu/en/datex/datexsubmitdata.htm>

- 2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. þætti bætist eftirfarandi færsla 2.9 við:

„2.9	<i>Drjólur grasdrjólaveppa og beiskjuefni úr grasdrjólaveppi</i>	
2.9.1	Drjólur grasdrjólaveppa	
2.9.1.1	Óunnið korn ⁽¹⁸⁾ að undanskildum maís og hrísgrjónum	0,5 g/kg ^(*)
2.9.2	Beiskjuefni úr grasdrjólaveppi ^(**)	
2.9.2.1	Óunnið korn ⁽¹⁸⁾ að undanskildum maís og hrísgrjónum	— ^(***)
2.9.2.2	Afurðir úr möluðu korni, að undanskildum afurðum úr möluðum maís og möluðum hrísgrjónum	— ^(***)
2.9.2.3	Brauð (þ.m.t. smátt kaffibrauð) sætabrauð, kex, nasl úr korni, morgunkorn og pasta	— ^(***)
2.9.2.4	Matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn	— ^(***)

(*) Sýnataka skal fara fram í samræmi við B-lið I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 (Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12). Greining skal framkvæmd með ^{smásjárannsókn}.

(**) Summa 12 beiskjuefna úr grasdrjólaveppi: ergókrístín/ergókrístínín, ergótamín/ergótamínín, ergokryptín/ergokryptínín, ergómetrín/ergómetrínín, ergósín/ergósínín, ergókornín/ergókornínín.

(***) Hámarksgildi sem eru viðeigandi og sem er unnt að ná og veita öflugra heilsuvernd manna skal taka til athugar fyrir þessa matvælaflokka fyrir 1. júlí 2017.“

2) Í stað 18. neðanmálgreinar komi eftirfarandi:

„⁽¹⁸⁾ Hámarksgildið gildir um óunnið korn sem sett er á markað til fyrsta stigs meðhöndlunar.

„Meðhöndlun á fyrsta stigi“ er hvers kyns eðlisfræðileg meðhöndlun eða hitameðhöndlun, önnur en þurrkun, á korninu. Hreinsun, þ.m.t. afhýðing, flokkun og þurrkun teljast ekki vera „meðhöndlun á fyrsta stigi“ að svo miklu leyti að allt kornið sé heilt eftir hreinsun og flokkun.

Afhýðing er hreinsun korns með því að burstu og/eða skrúbba það kröftuglega.

Ef afhýðing er framkvæmd þegar drjólur grasdrjólaveppa eru til staðar þarf kornið að gangast fyrst undir hreinsun áður en afhýðing fer fram. Á eftir afhýðingu, sem fer fram með rykhreinsibúnaði, fylgir litaflokkun á undan mölun.

Samþætt framleiðslu- og vinnsluferfi eru kerfi þar sem allar framleiðslulotur af korni sem berast eru hreinsaðar, flokkaðar og unnar í sömu stöð. Í slíkum samþættum framleiðslu- og vinnsluferfum gildir hámarksgildið um óunnið korn eftir hreinsun og flokkun en fyrir meðhöndlun á fyrsta stigi.

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu tryggja að farið sé að ákvæðum með verklagsreglum sínum er grundvallast á GáHMSS-kerfinu sem kemur á og hrindir í framkvæmd árangursríkum verklagsreglum um vöktun á þessum mikilvæga stýristað.“